

## 1. Skólaráðsfundur 8. okt. 2024

Haldinn í kaffistofu Gamla skóla kl. 16.15

*Mættir: Daði Sigfússon fulltrúi foreldrafélags leikskóladeildar, Elva Ásgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna grunnskólans, Guðmundur Óskar Eggertsson og Huginn Breki Sigurjónsson fulltrúar nemenda, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskóladeildar, Rakel Snorradóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar, Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri. Unnur Óskarsdóttir fulltrúi kennara grunnskóladeildar boðaði forföll.*

Farið yfir fundaskipulag vetrarins. Fundir eru áætlaðir eftirfarandi daga: 8. okt., 18. nóv., 13. jan., 18. feb., 25. mars, 28. apríl og 3. júní.

1. Afmæli leikskólans. Leikskólinn á 50 ára afmæli núna í október og er fyrirhugað að halda afmælisboð þann 17. október þar sem foreldrum sem og öðrum bæjarbúum verður boðið að gleðjast með afmælisbarninu.
2. Nemendasýning grunnskóladeildar. 23. október verður opið hús í grunnskólanum þar sem foreldrum og öðrum bæjarbúum er boðið í heimsókn í grunnskólann að sjá hvað nemendur eru að fást við.
3. Myrkraball. Fyrirhugað er myrkraball fyrir nemendur skólans laugardaginn 2. nóvember. Þetta er samstarfsverkefni foreldrafélaganna og nemendaráðs. Um er að ræða 3 böll; eitt fyrir nemendur leikskólans, eitt fyrir 1. – 4 bekk og eitt fyrir 5 – 10. bekk. Foreldrar og nemendur unglíngastígs sjá um að skreyta salinn. Foreldrar standa vaktina á böllunum og hjálpa til við að ganga frá í lok ballanna. Nemendur sjá um tónlist og leiki. Skólinn kaupir sælgæti og popp/saltkringlur fyrir ballið sem og drykki.
4. Erindi frá foreldrafélaginu:
  - a. Útikennslustofan. Foreldrafélagið hefur áhuga á að laga aðstöðu útikennslustofunnar. Hefur hugmyndir um að laga jarðveginn sem og byggja skýli. Ætla að sækja um styrki í verkefnið frá Alcoa og Múlaþingi. Búið að ræða hugmyndirnar inni í starfsmannahópi grunnskólans og allir eru mjög jákvæðir fyrir verkefninu og tilbúnir að leggja hönd á plóg.
  - b. Vangaveltur um 4. bekk sem lendir útundan í félagsstarfi; eru of gömul fyrir skólasel en of ung fyrir félagsmiðstöðina. Skólastjóri upplýsir að frá og með næsta vetri verði 4. bekk boðið upp á að vera í skólaseli.

- c. Símar á skólatíma. Foreldrafélagið veltir fyrir sér hvort herða eigi reglur um síma á skólatíma í ljósi umræðna í samfélaginu. Umræður um málið. Ákveðið að ræða þetta í nemendaráði og heyra skoðun nemenda á þessu. Er t.d. hægt að minnka notkunina með því að bjóða upp á aðra afþreyingu í frímínútum? Ekki endilega jákvætt að banna heldur fá nemendur með í annað starf.
- d. Starfskynningar. Er hægt að koma slíku við? Mikilvægt að nemendur kynnist þeim störfum sem eru í boði á staðnum. Geta t.d. foreldrar komið þar inn í málið?

Fleira ekki tekið fyrir og fundi sliitið kl. 17. 23

Fundargerð ritaði Þórunn Hrund Óladóttir